

## Stefna um samfélagsábyrgð

**Samfélagsleg ábyrgð Landsvirkjunar er að skapa arð, fara vel með auðlindir og umhverfi og stuðla að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins.**

Við tryggjum að stefnumörkun um samfélagsábyrgð sé framfylgt með því að setja okkur markmið og leggja áherslu á eftiralda þætti í starfsemi fyrirtækisins:

### **Stjórnarhættir**

Við störfum eftir ábyrgum stjórnarháttum og fylgjum siðareglum fyrirtækisins í störfum okkar.

### **Virðisikeðjan**

Við vinnum með viðskiptavinum og birgjum sem sýna ábyrga stjórnarhætti.

### **Umhverfið**

Við leggjum áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, vinnum samkvæmt viðurkenndum, alþjóðlegum starfsháttum og lágmarkum umhverfisáhrif í starfsemi fyrirtækisins.

### **Samfélagið\***

Við leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið starfar með því að stuðla að gegnsæjum vinnubrögðum og gagnvirku upplýsingaflæði og stuðlum að því að samfélagið njóti góðs af starfsemi Landsvirkjunar.

### **Mannauður\***

Við vinnum eftir ábyrgri stefnu í heilsu-, öryggis- og starfsmannamálum sem eiga að tryggja vellíðan, öryggi og jafnrétti starfsfólks.

### **Miðlun þekkingar**

Við sköpum virði fyrir atvinnulíf og samfélag með því að deila þekkingu og stuðla að nýsköpun.